

## ✉ Re: Tillaga að stækkun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og nýrri reglugerð um þjóðgarðinn

Búið til	26.1.2021 17:12:39
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	26.1.2021 17:12:38
Tilheyrir	 202010-0040 - Tillaga að stækkun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og nýrri reglugerð um þjóðgarðinn

### Efni

Re: Tillaga að stækkun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og nýrri reglugerð um þjóðgarðinn

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	26.1.2021 17:12:38	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	41-1 Tillögur um að lýsa svæði þjóðgarð		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is

### Innihald

Mál: 202010-0040 LA

Sæl,

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun dags. 20. október 2020 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að stækkun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og nýrri reglugerð um þjóðgarðinn lögð fram til kynningar. Beðist er velvirðingar á því hvað erindinu er svarað seint.

Náttúrufræðistofnun Íslands fagnar stækkun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og hefur farið yfir nýju reglugerðina um hann.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við reglugerðina:

1. gr.

Um friðlýsinguna

[...]

Strönd Snæfellsness er fjölbreytileg þar sem skiptast á grýttir vogar, strendur með ljósum eða svörtum sandi og snarbrattir sjávarhamrar með iðandi fuglalífi um varptímam. Snæfellsjökull gnæfir tignarlegur yfir umhverfið og greinilega má sjá hvernig hraunstraumar og hraunfossar hafa runnið niður eftir hlíðum hans. Láglandið innan Þjóðgarðsins er að mestu hraun sem runnið hafa frá eldstöðinni Snæfellsjökli eða eldvörpum á láglandi. Hraunin eru víðast þakin mosa en inn á milli má finna fallega, skjólsæla bolla með gróskumiklum gróðri. Láglandið á sunnanverðu Snæfellsnesi er forn sjávarbotn sem risið hefur frá því ísöld lauk. Hamrabeltin upp af láglandinu eru því gamlir sjávarhamrar.

Undirfjöll hans, svo sem Hreggnasi, Geldingafell og Svörtutindar, eru margbreytileg að lögun. Eysteinsdalur gengur upp frá láglandinu að norðanverðu en þar er komið í annað landslag, dal girtan fjöllum sem kalla á göngufúsa fætur. Ofar í landinu og nær Jökulhálsi eru vikurflákar og land sem er nýlega komið undan jökli.

Nokkrir fallegir fossar eru á svæðinu. Klukkufoss er við rætur Hreggnasa og er stuðlaberg allt um kring. Nokkru austar, í Blágili, falla tveir fossar í einn hyl og hafa þeir verið nefndir Þverfossar. [...]

*ATHS NI: Er þörf á þessum náttúrufarslýsingum þ.s. verið er að fjalla um nýjasta hluta Þjóðgarðsins en ekki Þjóðgarðinn í heild?*

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda til framtíðar stórt og lítt snortið svæði sem hefur að geyma sérstætt landslag, lífríki og jarðminjar, þannig að náttúra svæðisins fái að þróast eftir eigin lögmálum ~~svo sem kostur er~~. *ATHS NI: þetta eru veik tilmæli og má taka út.*

[...]Með friðlýsingunni er einnig stuðlað að því að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í nýtingu, stjórnun, framtíðarskipulagningu og rekstri innan Þjóðgarðsins. Áhersla á aðgang almennings og fræðslu um náttúru og sögu svæðisins tengist beint markmiði b-liðar 3. mgr. 1. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá stuðlar friðlýsingin að því að verndarmarkmið 2. gr. og 3. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd náist. *ATHS NI: Ekki er ástæða til að taka út ákveðna liði undir 2. Og 3. gr. náttúruverndarlaga. Þeir hljóta allir að vera verndarmarkmið Þjóðgarðsins t.d. fossar, fjölbreytni vistgerða o.fl.*

5. gr.

Þjóðgarðsvörður

Umhverfisstofnun ræður Þjóðgarðsvörð til að fara með daglega umsjón og rekstur Þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður skal hafa háskólamenntun og reynslu sem nýtist í starfi. Þjóðgarðsvörður hefur eftirlit með því að virtar séu þær reglur sem gilda um Þjóðgarðinn og annast samskipti við lögreglu og önnur stjórnvöld vegna brota innan Þjóðgarðsins. Þá annast Þjóðgarðsvörður fræðslu og upplýsingagjöf, situr fundi Þjóðgarðsnefndar, ræður annað starfsfólk Þjóðgarðsins, þar á meðal landverði og skipuleggur starf þess. [...]

7. gr.

Rannsóknir og vöktun

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun náttúrufars í Þjóðgarðinum í samræmi við 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. *ATHS NI: Vöktun er bæði á lífríki og jarðminjum.*

[...] Aðrar náttúrufarsrannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. *ATHS NI: eru ekki allar rannsóknir háðar leyfi UST? Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.*

*ATHS NI: vantar inn hér að NÍ sér um mat á verndargildi skv. þriðju málsgrein 13 gr. náttúruverndarlaga*

9. gr.

Verndun landslags

Varðveita skal einkenni og sérkenni landslags svæðisins. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir eru háðar leyfum sbr. 13. gr. skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. *ATHS NI: Þarf ekki að skerpa á þessum texta eða henda út? Áhrif en ekki afgerandi áhrif? Hvað þýðir það? Þurfa ekki allar framkvæmdir innan þjóðgarðsins að leita umsagna/leyfa? Sbr. Kafli VII um friðlýsingu svæða, og kafli XII um skipulagsgerð, framkvæmdir ofl.*

10. gr.

Verndun jarðminja

Vernda skal jarðminjar þjóðgarðsins, jarðfræðilegan breytileika og landslag. Allt rask á jarðminjum er óheimilt.

Nánar skal fjallað um verndun jarðminja í stjórnunar- og verndaráætlun.

*ATHS NI: Þessi grein þarf að vera sambærileg við 11. gr. Verndun gróðurs og dýralífs. Hægt væri að slá saman 9. og 10 gr. í Verndun jarðminja og landslags*

13. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

[...] Í þjóðgarðinum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist.

*ATHS NI: Vangaveltur eru um hvaða framkvæmdir eru nauðsynlegar til að markmið friðlýsingar náist? Markmið friðlýsingarinnar er að vernda til framtíðar stórt og lítt snortið svæði sem hefur að geyma sérstætt landslag, lífríki og jarðminjar, þannig að náttúra svæðisins fái að þróast eftir eigin lögmálum.*

Landnotkun skal vera sjálfbær og miða skal að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar, að þær stuðli að verndun þjóðgarðsins og öryggi gesta. Mannvirki skulu falla vel að landslagi.

[...] Sauðfjárbeit er heimil innan þjóðgarðsins. Umhverfisstofnun er heimilt, í samráði og samvinnu við Snæfellsbæ, að takmarka sauðfjárbeit þegar hún er talin ógna gróðurpekju svæðisins. *ATHS NI: Hér þarf eftirlit með sauðfjárbeit og aðgerðir til að bregðast fljótt við.*

[...] Nánar skal fjallað um landnotkun og mannvirkjagerð í stjórnunar- og verndaráætlun.

*ATHS NI: Ekkert er minnst á skógrækt. Er hún leyfð innan þjóðgarðsins?*

14. gr.

Umferð og dvöl

[...] Lausaganga hrossa er óheimil. Ríðandi umferð er aðeins heimil á skilgreindum reiðleiðum og afmörkuðum áningarstöðum.

[...] Hundar og önnur gæludýr skulu höfð í taumi innan marka þjóðgarðsins, að undanskildum vinnuhundum, *ATHS NI: Hlutverk vinnuhunda? Eru veiðihundar leyfðir innan A-svæðis?*

og þess skal gætt að dýrin séu undir tryggri stjórn og að þau valdi ekki truflun fyrir gesti og dýralíf svæðisins.

Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega og merktra slóða, sbr. þó undanþágur 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. *ATHS NI: Greina má frá undanþágum í SVÁ. Undanþágur koma líka fram í 18. Gr.*

[...] Nánari reglur um notkun fjarstýrðra loftfara skal fjalla um í stjórnunar- og verndaráætlun þar sem m.a. skal skilgreina varptíma. Þrátt fyrir framangreint er heimilt að nota fjarstýrð loftför, ef nauðsyn krefur, vegna leitar- og björgunaraðgerða, landhelgisgæslu og sambærilegra verkefna og vegna umsjónar og eftirlits Umhverfisstofnunar. Minjastofnun Íslands hefur sömu heimildir innan friðhelgunarsvæða menningarminja. *ATHS NI: Þarf að nefna líka Náttúrufræðistofnun Íslands vegna náttúrufarsrannsókna.*

15. gr.

Umgengni um þjóðgarðinn

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan marka þjóðgarðsins og skal allur úrgangur tekinn með út af svæðinu eða settur í þar til gerð ílát. *ATHS NI: Förum við ekki að komast á það stig að það sé alltaf fyrsti kostur að gestir þjóðgarðsins taki með sér allan úrgang út af svæðinu og skilji ekkert eftir sig innan þjóðgarðs? [...]*

16. gr.

Veiði og notkun skotvopna

Veiðar eru óheimilar innan þjóðgarðsins, að undanskildu svæði A, sem sýnt er á meðfylgjandi korti, þar sem rjúpnaveiðar eru heimilaðar innan þjóðgarðsins samkvæmt almennum reglum þar um.

Stefnt skal að útrýmingu minks. Veiðar á mink skulu stundaðar á vegum sveitarfélagsins og í samráði við Umhverfisstofnun. Halda skal skrá yfir veidd dýr og skila til Umhverfisstofnunar.

Öll önnur meðferð skotvopna er bönnuð innan þjóðgarðsins, að undanskildum veiðum á framandi ágengum tegundum í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. *ATHS NI: Veiðar á mink hljóta þá að vera heimilaðar en kemur ekki fram. Hvað með eftirlit með veiðum?*

17. gr.

[...] Nánar skal fjallað um starfsemi innan þjóðgarðsins og skilyrði í atvinnustefnu sem er hluti stjórnunar-og verndaráætlunar. *ATHS NI: Þessi ábending um atvinnustefnu má koma fyrir fram sjá 4. og 5. gr.*

Bestu kveðjur,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500.      [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is>)

---

**From:** "Eva B. Sólán Hannesdóttir" <[eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is)>

**To:** "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>

**CC:** "Trausti Baldursson - NI" <[Trausti.Baldursson@ni.is](mailto:Trausti.Baldursson@ni.is)>

**Subject:** Tillaga að stækkun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og nýrri reglugerð um þjóðgarðinn

**Date:** 20.10.2020 18:30:09

Góðan dag,

hjálagt er bréf frá Umhverfisstofnun þar sem kynnt er tillaga að stækkun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og nýrri reglugerð um þjóðgarðinn.

Vakin er athygli á því að sökum COVID-19 er bréfið eingöngu sent á rafrænu formi, nema annars sé sérstaklega óskað.

**Bestu kveðjur / Best regards**

Eva B. Sólán Hannesdóttir

Lögfræðingur / Lawyer

Svið Friðlýsinga og starfsleyfa / Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun / Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

UM TÖLVUPÓSTINN / DISCLAIMER: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

## Viðhengi

image001.png (3 KB)